

Almennt nám. Í almennt nám eru skráðir þeir nemendur sem þurfa að bæta stöðu sína í einni eða fleiri námsgreinum til að komast inn á aðrar brautir sem og þeir sem eru óráðnir og ekki tilbúnir til að velja sér sérhæfðara nám. Í almennu námi eru líka eldri nemendur sem ekki hafa enn valið sérstaka braut til útskriftar eða stefna á námslok frá öðrum skóla.

Raungreinasvið nær yfir nám í matvælagreinum, sjúkraliðabraut, íþróttabraut og náttúrufræðibraut. Nám í matvælagreinum hefst með því að nemendur ljúka eins árs grunnnámi. Að því loknu geta þeir valið sér sérhæfingu, matreiðslu, framreiðslu, matartækni eða kjötið. Á sjúkraliðabraut er áhersla er lögð á raungreinar og heilbrigðisgreinar auk þess sem nemendur fá verklega kennslu í hjúkrun og umönnun sjúkra og aldraðra. Nemendur öðlast starfsréttindi sem sjúkraliðar að loknu þriggja ára námi. Íþróttabraut er tveggja ára námsbraut með áherslu á nám í íþróttgreinum og íþróttafæðum. Að loknu námi í fyrrnefndum greinum geta nemendur tekið viðbótarnám til stúdentsprófs. Náttúrufræðibraut er 4 ára bóklegt nám og lýkur með stúdentsprófi.

Listnámssvið Á listnámsbraut er hægt að velja milli þriggja kjörsviða, hönnunar- og textílkjörsviðs, myndlistarkjörsviðs og tónlistarkjörsviðs. Nám á listnámsbraut tekur þrjú ár en nemendur sem þess æskja geta bætt við sig eins árs bóklegu námi og lokið þannig stúdentsprófi af brautinni.

Tæknisvið

Á tæknisviði er hægt að stunda nám í ýmsum iðngreinum. Nám í löggiltum iðngreinum skiptist í bóklegt og verklegt nám. Að jafnaði tekur nám í iðngreinum fjögur ár en það er þó ekki algilt. Námsframboð hinna ýmsu greina fer eftir aðsókn hverju sinni. Námið hefst á grunndeild sem er ein til tvær annir. Eftir það skiptist námið í vinnustaðanám og skóla og lýkur með sveinsprófi sem ætlast er til að sé tekið á lokaönn námsins. Vélstjórnarnám er einnig í boði á tæknisviði. Hægt er að taka öll fjögur stig vélstjórnarnáms í skólanum á fimm árum. Einnig er vélstjórum boðið upp á lotunám í rafvirkjun á síðari stigum námsins. Vélstjórar fá þar að auki stúdentspróf.

Auk þess sem hér hefur verið talið þá er á tæknisviði boðið upp á viðbótarnám til stúdentsprófs. Nám á þessari námsbraut er hugsað fyrir þá nemendur sem lokið hafa iðnnámi og stefna á frekara nám.

Samfélagsgreinasviði tilheyra félagsfræðabraut, viðskipta- og hagfræðisvið og viðskiptabraut. Félagfræðabraut er ein af aðalnámsleiðum til stúdentsprófs. Á félagsfræðabraut er lögð áhersla á nám í samfélagsgreinum auk annarra almennra námsgreina. Nám til stúdentsprófs tekur að öllu jöfnu fjögur ár. Félagfræðabraut veitir góðan undirbúning fyrir háskólanám af ýmsum toga, s.s. í félagsvísindum (sálfræði, félagsfræði, uppeldisfræði, sagnfræði, osfrv.). Brautin hentar vel þeim sem hyggjast taka kennarapróf og gefur einnig góða undirstöðu í tungumálum. Nám á viðskipta- og hagfræðibraut veitir nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á sérsvið viðskipta- og hagfræðigreina. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla í viðskiptafræðum, hagfræði og skyldum greinum. Meðalnámstími er 8 annir og náminu lýkur með stúdentsprófi. Viðskiptabraut er tveggja ára námsbraut sem lýkur með almennu verslunarprófi. Nemendur eru búnir undir verslunar- og skrifstofustörf af ýmsu tagi. Nemendur sem það vilja geta bætt við sig námi og lokið þannig stúdentsprófi að loknu námi á viðskiptabraut.

Starfsbraut er námstilboð fyrir nemendur sem ekki hafa náð þeim árangri í grunnskóla sem þarf til þess að innrita sig á aðrar námsbrautir í framhaldskóla vegna sértækra námserfiðleika, þroskaskerðingar eða annarrar fötlunar.

Meginmarkmið námsins er að nemendur verði virkir þátttakendur í þjóðfélaginu og búi þá undir þátttöku í atvinnulífinu eða frekara nám. Reynt er að koma til móts við þarfir og óskir hvers og eins eftir því sem kostur er, m.a. með nokkru valfrlsi í námi og einstaklingsmarkmiðum.

Námstími er að öllu jöfnu 4 ár. Námstilboðið er allt að 34 stundum á viku í skóla fyrstu tvö árin, lágmarkspátttaka er 16 vikustundir. Á þriðja og fjórða námsári er námstilboð í skóla 14 - 20 vikustundir og starfsnám á vinnustað allt að 16 tímum á viku. Við námslok fá nemendur útskrift af námsferli, skriflega umsögn og viðurkenningarskjal fyrir að hafa lokið námi.

Fjarnám Verkmenntaskólans á Akureyri nýtir tölvusamskipti við kennslu. Hið sama gildir um skil

nemenda á úrlausnum og önnur samskipti kennara og nemenda.

Í fjarnámsdeild er unnt að stunda bóklegt nám til lokaprófs á flestum brautum skólans. Nám í fjarnámi er hliðstætt og jafngilt almennu námi við skólann. Áfangar eru almennir framhaldsskólaáfangar, námsefni það sama eða að fullu hliðstætt, yfirferð hin sama og kröfur um árangur einnig.

Námið er skipulagt í önnum, sem falla að önnum hins almenna framhaldsskóla og próf tekin á sama tíma og í dagskóla.

Í fjarnámi er gert ráð fyrir reglulegum skilum á úrlausnum verkefna, oftast vikulegum skilum. Í námi sínu hafa nemendur að öðru leyti frjálsar hendur um vinnutíma sinn, enda er skólinn að þjóna þeim nemendum, sem ekki hafa tök á því að sækja almennan skóla.

Iðnmeistaránám er nám fyrir þá sem lokið hafa sveinsprófi í iðngrein. Iðnmeistaránám skiptist í megindráttum í þrennt: almennt bóknám, nám í stjórnunar- og rekstrargreinum og fagnám. Almenn bóknám ásamt stjórnunar- og rekstrargreinum skiptist í kjarna (skyldunám) annars vegar og valnám hins vegar og er valnámið mismikið að vöxtum eftir iðngreinum.

Í meistaraskóla VMA er unnt að ljúka námi í almennum bóknámsgreinum og stjórnunar- og rekstrargreinum einnig er töluverður hluti faggreina byggingagreina kenndur í fjarnámi.